

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Einholt 6 – stæði fyrir hreyfihamlaða

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að bílastæði við Einholt 6 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Bílfreiðastæðin verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Við Einholt 6 er stæði merkt fyrir hreyfihamlaða sem er mikið notað. Reglulega er ekki mögulegt fyrir akstursþjónustu að nota stæðið þar sem það er í notkun af öðrum notendum. Kvartanir hafa borist vegna þessa og ljóst að það er eftirspurn eftir stæði fyrir hreyfihamlaða á þessu svæði umfram framboð. Með því að bæta við öðru stæði fyrir hreyfihamlaða er verið að auka möguleika akstursþjónustu á að geta þjónustað hreyfihamlaða íbúa í nágrenninu með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Meðfylgjandi: mynd af áætluðu stæði fyrir hreyfihamlaða

